

með tilliti til þess, að ákærði hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögunum og 219. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, greiði kr. 3000.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Hann er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, áfallandi og áfallinn, og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 125/1951. Ákærvaldið (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Jakobi Sigurði Sigurjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Árestur bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Út af sakarefni því, er mál þetta fjallar um, var höfðað mál gegn ákærða og Kristjáni Georgssyni. Í héraði var Kristjáni Georgssyni dæmd sektarrefsing svo og að greiða $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar. Ákærða Jakob Sigurði, sem talinn var brot-

legur við tiltekin ákvæði bifreiðalaga og umferðarlaga, var hins vegar eigi dæmd sérstök refsing í málinu, en gert að greiða $\frac{1}{4}$ hluta af kostnaði sakarinnar, þar með taldar kr. 250.00 til skipaðs talsmanns hans í héraði. Dómi þessum hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærða Jakob Sigurð.

Ákærði ók bifreið sinni í umrætt skipti með hóflegum hraða og var kominn yfir mitt torgið, þar sem Vestmannabraut og Kirkjuvegur skerast, er bifreiðin V 104, sem kom með miklum hraða frá hægri hlið, rakst á bifreið hans. Að svo vöxnu máli, þykir ákærða eigi verða talið það til sakar, að honum tókst ekki að forða árekstri. Þykir því bera að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð sakarkostnað þann, er ákærða var dæmt að greiða í héraði, svo og allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Framangreindur sakarkostnaður í héraði svo og allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 400 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Jakobi Sigurði Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Boðaslóð 1 hér í bæ, svo og Kristjáni Georgssyni stúdent, Vestmannabraut 25 hér í bæ, fyrir meint brot á bifreiðalögunum nr. 23/1941, umferðarlögunum nr. 24/1941 svo og lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

Kærði Kristján Georgsson er fæddur 13. nóvember 1928 í Vestmannaeyjum, og hefur hann ekki sætt kærnum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Kærði Jakob Sigurður Sigurjónsson er fæddur 23. júní 1928 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

1947 10/6. 60 kr. sekt fyrir ólöglegan ökuhraða (bifreiðalagabrot).

1948 3/1. 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, 27. gr. bifreiðalaga og 29. gr. umferðarlaga.

1950 19/12. 3000 kr. sekt og ökuleyfisvipting í eitt ár fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru, sem hér segir:

Hinn 2. des. s.l. rétt fyrir kl. 12 á hádegi ók kærði Jakob Sigurjónsson bifreið sinni, sem er Ford-vörubifreið af gerðinni 1947, vestur Vestmanna-braut. Er kærði kemur á gatnamótin, þar sem Kirkjuvegur og Vestmanna-braut skerast, sér hann, hvar bifreið er ekið upp Kirkjuveginn og í áttina til hans. Honum virtist bifreið þessari, sem reyndist vera bifreiðin V-104, vera ekið talsvert hratt. En bifreið þessi er fjögurra manna fólksbifreið af gerðinni Vauxhall. Skipti engum togum, að bifreiðin V-104 skall á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95 með þeim afleiðingum, að bifreiðin V-95 kastaðist sem næst upp að gangstéttinni rétt fyrir framan Samkomuhús Vestmannaeyja.

Bifreiðarstjóri sá, er ók bifreiðinni V-104, reyndist vera Kristján Georgsson, til heimilis að Vestmannabraut 25 hér. Hann skýrir svo frá, að hann hafi umræddan 2. des. s.l. sótt mann nokkurn á bifreiðinni V-104, og ætlaði hann að aka honum út á flugvöll. Ók hann upp Kirkjuveginn og ætlaði að sveigja inn á Vestmannabrautina og aka til vesturs, en þegar hann sveigði til vesturs, fékk hann sólina beint í augun. Við það blindaðist hann algerlega. Skyndilega sá hann bifreið rétt fyrir framan bifreið sína í ca 3ja metra fjarlægð. Tókst honum ekki að hemla nógu rækilega, og skall framendi bifreiðarinnar V-104 á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95 með þeim afleiðingum, að bifreiðin V-95 kastaðist til á götunni upp að gangstéttinni fyrir framan Samkomuhús Vestmannaeyja.

Eitt vitni, Loftur Þórðarson, til heimilis að Uppsölum hér í bæ, hefur gefið skýrslu í máli þessu, en vitni þetta sat í stýrishúsi bifreiðarinnar V-95, er umræddur árekstur skeði. Vitnið skýrir svo frá, að þeir Jakob Sigurjónsson hafi komið akandi vestur Vestmannabrautina, og hafi vitnið, er þeir voru á gatnamótum Vestmannabrautar og Kirkjuvegar, séð bifreiðina V-104 koma akandi upp Kirkjuveginn. Hann telur, að bifreiðinni V-104 hafi verið ekið hratt eða samkvæmt ágizkun hans á ca 40—50 km. hraða, miðað við klukkustund. Hafi bifreiðinni verið ekið meira á hægri vegarhelmingi. Hann telur, að bifreiðin V-104 hafi haldið stefnu sinni óbreyttri, unz hún rakst á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95. Hann kveður áreksturinn hafa verið mjög harðan, þannig að bifreiðin V-95 hafi kastast til á götunni, enda þótt bifreiðin V-95 hafi verið á snjókeðjum og sé auk þess þungur vörubifreið. Hann tekur einnig fram, að hann hafi ekki getað séð, að bifreiðin V-104 hafi neitt hægt á ferð sinni, frá því að vitnið sá hana fyrst, og þar til er áreksturinn varð.

Vitni þetta hefur unnið eið að framburði sínum.

Kærði Kristján Georgsson hefur viðurkennt að hafa sveigt yfir á hægra götuhorn Kirkjuvegs, en það hafi hann gert vegna barna, sem voru að leik á sleðum þarna á götunni. En það, að börn hafi verið að leik þarna, af-

sakar ekki framferði kærða Kristjáns, þar sem hann hefði átt að nema staðar eða að minnsta kosti að hægja mjög á ferðinni og gefa hljóðmerki í samræmi við 28. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja. Þá hefur Kristján einnig brotið 7. gr. umferðarlaga, þar sem honum bar skylda til að víkja, þar sem hann hafði bifreiðina V-95 á vinstri hönd sér, sbr. 2., 6. og 7. gr. laga nr. 24/1941, en kærði Kristján virðist alls ekki hafa veitt bifreiðinni V-95 neina athygli fyrr en á síðustu stundu, þannig að hann hafði ekki svigrúm til að hemla. Samkvæmt framanskráðu þykir rétt sýnt, að kærði Kristján Georgsson hafi sýnt af sér vítavert gáleysi við akstur bifreiðar í umrætt skipti, og virðist kærði Kristján hafa getað afstýrt slysi, hefði hann sýnt meiri gætni og ekið hægar. Samkvæmt framanskráðu hefur kærði Kristján brotið 2., 6. og 7. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 svo og 27. og 28. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 svo og 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja.

Í samræmi við refsíákvæði nefndra lagaákvæða þykir refsing kærða Kristjáns Georgssonar hæfilega ákveðin kr. 500.00 sekt í ríkissjóð, svo og greiði hann $\frac{1}{4}$ hluta af kostnaði sakarinnar, áföllnum og áfallandi.

Kærði Jakob S. Sigurjónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi séð bifreiðina V-104 talsverðan spöl frá bifreið sinni, og vitnið Loftur Þórðarson hefur einnig skýrt frá því, að það hafi séð bifreiðina V-104, strax og bifreiðin V-95 kom á gatnamót Vestmannabrautar og Kirkjuveggar og þá talsverðan spöl frá bifreiðinni V-95. Kærði Jakob hefur skýrt frá því, að hann hafi strax gert ráð fyrir, að árekstur kynni að verða, en hann heldur samt ferðinni áfram með óbreyttum hraða og án þess að gefa hljóðmerki.

Samkvæmt framanskráðu virðist sýnt, að kærði Jakob hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við stjórn bifreiðarinnar V-95 í umrætt skipti, og hefur hann brotið 2. gr. laga nr. 24/1941 svo og 27. og 28. gr. laga nr. 23/1941.

Brot þetta framdi Jakob S. Sigurjónsson 2. des. s.l., en dómur í fyrra máli hans, er dómtekið var 13. des. s.l., var upp kveðinn hinn 19. s. m., sbr. hegningarvottorð kærða hér að framan.

Í báðum þessum málum hefði mátt dæma samtímis, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, og dæma ákærða aðeins hegningarauka í samræmi við 78. gr. sömu laga, en þar sem broti þessu er þannig varið, að ef dæmt hefði verið um málin í einu lagi, þá hefði refsing kærða ekki orðið þyngri en hún varð með dóminum frá 19. des. s.l., svo að rétt þykir, að kærða verði eigi gerð sérstök refsing í máli þessu. Kærða ber hins vegar að greiða $\frac{1}{4}$ hluta af kostnaði sakarinnar, þar af 250 krónur til skipaðs talsmanns síns, Axels Ó. Ólafssonar.

Því dæmist rétt vera:

Kærða Jakob S. Sigurjónssyni verður eigi gerð sérstök refsing í máli þessu.

Kærði greiði $\frac{1}{4}$ hluta af kostnaði sakarinnar, þar af kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Axels Ó. Ólafssonar.

Kærði Kristján Georgsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs

innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Hann greiði $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar, áfallins og áfallandi, þar af kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Fr. G. Johnsens hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúar 1952.

Nr. 119/1951. **Gísli Halldórsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Sigríði Einarsdóttur (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1951. Gerir hann þær kröfur, að fasteignin nr. 6 við Flókagötu í Reykjavík og skuldabréf það, sem í úrskurði skiptaráðanda greinir, að eftirstöðvum kr. 58.600.00, verði dæmd eign félagsbús aðilja, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurði skiptaráðanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á dómþingi 15. júní 1951 viðurkenndi áfrýjandi, að stefndi hefði lagt fram kr. 10.000.00 til kaupa á Flókagötu 6, og kvaðst áfrýjandi ekki muna, hvort hann hefði sjálfur lagt fram fé til þeirra kaupa. Þá hefur áfrýjandi í skattframtölum og annars, er tilefni gafst, talið fasteignina nr. 6 við Flókagötu sér-eign stefnda. Með tilvísun til þessara atriða og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.